

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

Tilvísun vor: 98.11

Dags.: 30.11.2004

Efni: **Umsögn og athugasemdir Landsvirkjunar um mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlög, 235. mál, matsferli, málskotsréttur, úrskurðarnefnd o.fl.**

Landsvirkjun vísar til umsagnarbeiðni háttvirtar umhverfisnefndar þar sem Landsvirkjun er gefinn kostur á að skila athugasemdum, mál nr. 235, frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997.

Landsvirkjun tekur undir og vísar til umsagnar Samorku um sama mál, dags. 30. nóvember 2004. Landsvirkjun telur þó nauðsynlegt að geta þess sérstaklega að það er mat fyrirtækisins að einstaka ákvæði í fyrirbyggjandi frumvarp séu afar íþyngjandi fyrir stóra framkvæmdaraðila. Fyrirtækið telur að taka verði mið af þeirri framkvæmd sem í er ráðist þannig að kostnaður við mat á umhverfisáhrifum hennar verði í eðlilegu hlutfalli við heildarkostnað af framkvæmdinni.

Það er einnig áhyggjuefni að verði frumvarpið að lögum mun það fyrirsjáanlega leiða til þunglamalegrar og kostnaðarsamrar stjórnslu þar sem verkaskipting milli hinna ýmsu stjórnvalda er ekki nægilega ljós. Þá mun matsferlið og öflun leyfa taka lengri tíma. Fyrirtækið telur að ein af afleiðingum þessa verði aukin réttaróvissa auk þess sem óeðlilegar og óhóflegar tafir munu verða á ferlinu öllu og kostnaður geti farið fram úr hófi miðað við fyrirbyggjandi framkvæmd.

Taka verður sérstaklega undir það sem fram kemur í framangreindri umsögn Samorku að nauðsynlegt sé að hafa til hliðsjónar við setningu þessara laga lög um opinberar eftirlitsreglur, nr. 27/1999. Fyrirbyggjandi frumvarp endurspeglar að mati Landsvirkjunar ekki nægilega þær kröfur sem gerðar eru til stjórnvalda og opinberra stofnana um meðalhóf, bæði hvað varðar kröfur og kostnað. Málsmeðferðarreglur og málskotsréttur má ekki vera þannig úr garði gerð að unnt verði að tefja framkvæmdir af minnsta tilefni og þær verði til þess að hamla framkvæmdum í landinu.

Landsvirkjun bendir á varðandi b-lið 5. gr. frumvarpsins að tryggja verður úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála næga fjármuni til þess að nefndin geti sinnt störfum sínum innan þess tímaramma sem löggin bjóða. Mikilvægt er að tekið sé fram með skýrum hætti að álit Skipulagsstofnunar sem slíkt sætir ekki endurskoðun, hvorki af hálfu umhverfisráðherra né úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Hér er vísað til athugasemda við 12. gr. frv., sbr.





orðalagið; „eftir þá breytingu væri óeðlilegt að það álit yrði kært til umhverfisráðherra, eitt og sér, heldur er lagt til að það verði borið undir úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála í tengslum við kæru á ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu byggingar- og framkvæmdaleyfis“. Álit Skipulagsstofnunar er ekki stjórnvaldsákvörðun og getur því ekki, með vísan til almenns stjórnsýsluréttar og stjórnsýslulaga, sætt endurskoðun annars stjórnvalds. Úrskurðarnefndinni hlýtur einvörðungu að vera ætlað að leggja mat á hvort réttum og lögmætum málsmeðferðar- og stjórnsýslureglum hafi verið fylgt en ekki að endurskoða ákvarðanir sveitarstjórna eða annarra pólitískt kjörinna fulltrúa, sem grundvallast á frjálsum mati þeirra, og enn síður að endurskoða álit Skipulagsstofnunar.

Í athugasemdum við 13. gr. frv. kemur fram að leyfisveiting vegna matsskyldra framkvæmda sé í höndum margra stjórnvalda. Einn helsti tilgangur laga um mat á umhverfisáhrifum er að tryggja að leyfisveitandi hafi upplýsingar um helstu umhverfisáhrif framkvæmdar sem undir lögin fellur, áður en leyfi er veitt. Leyfisveitandi getur samkvæmt almennum stjórnsýslureglum bundið leyfi skilyrðum eða óskað mótvægisáðgerða. Landsvirkjun telur það afar óheppilegt að margir leyfisveitendur komi að sömu framkvæmd. Má sem dæmi nefna leyfi sem iðnaðarráðherra veitir í tengslum við nýtingu fallvatna og jarðvarma til orkuvinnslu, sbr. sérstaklega ákvæði raforkulaga, vatnalaga og laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Ýmis önnur leyfi þarf til sömu framkvæmda, t.d. framkvæmdaleyfi sveitarfélaga. Sem dæmi um önnur leyfi er í greinargerðinni vikið að leyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt 38. gr. náttúruverndarlaga. Slíkt leyfi er einmitt gott dæmi um markatilvik þess hvort um leyfi ætti að vera að ræða eða einfaldlega umsögn fagstofnunar til leyfisveitanda, t.d. iðnaðarráðherra, áður en leyfi er veitt. Lög veita ekki svar við því hvað gerist ef leyfisveitendur greinir á en þeim ber öllum að fjalla um álit Skipulagsstofnunar og taka afstöðu til þess. Landsvirkjun telur að leyfisveitingaferlið kunni að verða of flókið og tafsam. Hér skapast alvarleg og óásættanleg réttaróvissa. Landsvirkjun vísar til þess og tekur undir það sem fram kemur í umsögn Samorku að réttara væri að tekinn verði af allur vafi í þessu efni og að skapað verði skilvirkt leyfisveitingarferli að því er varðar stærri framkvæmdir.

Varðandi 20. gr. frumvarpsins telur Landsvirkjun að verið sé að leggja meiri kostnað og byrðar á framkvæmdaraðila. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að opinberir eftirlitsaðilar beri enga ábyrgð á kostnaði sem af störfum þeirra hlýst og verður að telja slíkt fyrirkomulag afar óheppilegt. Eðlilegra væri að kostnaði við eftirlit yrði skipt til helminga milli framkvæmdaraðilans og eftirlitsaðilans. Að minnsta kosti verður að takmarka með einhverjum hætti þann kostnað sem sveitarstjórnir geta krafist framkvæmdaraðila um vegna eigin starfa og slíkrar eftirlitsnefndar.

Í 6. mgr. 21. gr. frumvarpsins er kveðið á um að kærandi geti krafist úrskurðar um stöðvun framkvæmda. Um er að ræða mjög íþyngjandi ákvæði fyrir framkvæmdaraðila og gæti sú staða komið upp að verið væri að fórna meiri hagsmunum fyrir minni með því að setja slíka stöðvun á. Eðlilegt er að krefjast þess að sá sem fer fram á stöðvunina setji jafnframt tryggingu fyrir því tjóni sem hann kann að valda framkvæmdaraðila, sbr. þær reglur sem gilda um framkvæmd lögbanns.

Í síðari málslið 6. mgr. 22. gr. frumvarpsins er lagt til að sveitarstjórn verði heimilt að binda framkvæmd skilyrðum sem sett eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir sveitarfélagsins. Landsvirkjun telur að hér sé sveitastjórnnum veitt of víðtækt vald og leggst alfarið gegn þessu ákvæði, 6. mgr. 22. gr. frv., í heild sinni. Því miður hefur nokkuð borið á því, sérstaklega við



stærri framkvæmdir, að sveitarstjórnir hafi sett framkvæmdum ýmis skilyrði sem ekki geta talist í tengslum við framkvæmdina eða eru á annan hátt óeðlilega íþyngjandi. Þannig hafa verið gerðar kröfur um endurbætur í vegagerð, GSM-samband, ljósleiðaratengingu á alla bæi, þriggja fasa rafmagn, skógrækt, uppgræðslu, sumarvinnu unglinga, auk kostnaðar við breytingar á skipulagsáætlunum og alla aðra stjórnsýslu í kringum verkefnið. Landsvirkjun telur nauðsynlegt að afar skýrt sé kveðið á um í lögnum að ákvæðið feli ekki í sér sjálfstæða heimild sveitarstjórnar til að setja framkvæmd viðbótarskilyrði. Ef til greina kemur að setja einhver skilyrði lögum samkvæmt verða þau að tengjast framkvæmdinni og vera málefnanleg með tilliti til stjórnsýslulaga. Þetta þarf að vera alveg skýrt í lögnum ef slíkar heimildir eru lögtekna. Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir að ómálefnalegar og óskyldar kröfur verði settar fram á hendur framkvæmdaraðila þegar hann óskar eftir framkvæmdaleyfi. Því miður er það nú algengara en ekki hvað varðar Landsvirkjun.

Að auki er vísað til umsagna annarra veitufyrirtækja vegna sama máls.

Virðingarfyllt

Friðrik Sophusson
forstjóri